

## RE 202211022 - Efnistaka í Höfðafjöru á Kötlutanga

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>  
**CC** : victor.lavaconcept <victor@lavaconcept.is>  
**Heiti** : RE 202211022 - Efnistaka í Höfðafjöru á Kötlutanga  
**Málsnúmer** : 202211022  
**Málsaðili** : LavaConcept Iceland ehf.  
**Skráð dags** : 16.02.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>  
**Viðhengi** [image003.jpg](#)  
[image002.png](#)

Sæl Þórdís.

Takk fyrir þetta, gott að umsögnin er loksins komin í hús. Varðandi langeigendamálf þá verður samið við viðkomandi landeiganda og samráð verður haft við Vegagerðina um útfærslu á beygju inn á og út af Þjóðvegi 1. Það eru samt bæði bara formleg samningsatriði sem ekki stendur til að fjalla sérstaklega um í umhverfismatskýrslu.

Kær kveðja,



**SNÆVARR ÖRN  
GEORGSSON**

Umhverfis- og  
byggingarverkfræðingur  
M.Sc.

---

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir  
**Sent:** fimmtudagur, 16. febrúar 2023 10:24  
**To:** Snævarr Örn Georgsson  
**Subject:** 202211022 - Efnistaka í Höfðafjöru á Kötlutanga

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn Mýrdalshrepps vegna ofangreinds máls.

Með kveðju,

---

**Þórdís Stella Erlingsdóttir**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



## Efnistaka í Höfðafjöru - svör við umsögn Hafró

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>  
**CC** : victor@lavaconcept.is <victor@lavaconcept.is>  
**Heiti** : Efnistaka í Höfðafjöru - svör við umsögn Hafró  
**Málsnúmer** : 202211022  
**Málsaðili** : LavaConcept Iceland ehf.  
**Skráð dags** : 19.01.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>  
**Viðhengi** [image003.jpg](#)  
[image002.png](#)

Sæl Þórdís.

Hér eru svör framkvæmdaraðila við athugasemdum í umsögn Hafró:

„*Ekki er tilgreint hvort rannsaka eigi eða leita að fyrirbyggjandi þekkingu um lífríki fjörunnar sem mun raskast*“

- Ekki stendur til að ráðast í lífríkisrannsóknir á fjörunni. Hún er sandfjara sem er stöðugt á hreyfingu, brim gengur yfir og lítið sem ekkert líft þrífst. Verndargildi er lágt (<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/brimasamar-sandfjorur>). Í umhverfismatskýrslu verður staðhættum lýst og m.a. lífríki svæðisins (eða öllu heldur skorti á lífríki).

„*Samkvæmt mynd 3.6. er eins og efnistakan fari ekki fram úr sjónum heldur á landi. Þó er fjallað er um að efnistakan verði í fjöruborðinu í texta matsáætlunarinnar.*“

- Mynd 3.6 er uppráttur í aðalskipulagi, en ekki nákvæmur verkuppráttur, og á þannig upprætti er mjög erfitt að sýna mjóa ræmu þar sem gætir flóðs og fjöru. Vinnuvélar munu sækja sandinn á svæði sem er undir sjó á flóði, en svo á þurru landi á fjöru. Hvort á þá að sýna efnistökusvæðið í sjónum eða á landi? Það er ruglingslegt að sýna tvær mismunandi strandlínur eftir flóði/fjöru á aðalskipulagsupprætti. Það var talið eðlilegra að sýna efnistökusvæðið á landi þar sem að vinnuvélar munu aldrei fara út í sjó heldur bara taka sand á því svæði sem að fer undir sjó á flóði en birtist svo aftur á fjöru.
- Myndir 3.2 og 3.3 gefa mun betri mynd af staðsetningu fyrirhugaðrar efnistöku. Þar sést hvað sjór getur gengið langt upp á sandinn.

„*Mikilvægt er að það sé skilgreint hversu langt út í sjó grafið verður eftir efni ef það er ætlunin.*“

- Vinnuvélar munu aldrei fara út í sjó heldur bara taka sand á því svæði sem að fer undir sjó á flóði en birtist svo aftur á fjöru.

„Þekkt er að loðna hrygni grunnt við fjöruborðið í sandfjörum á suðurlandi og að búsvæði fiska eins og sandsílis og uppeldissvæði flatfiska eru í fjörum sem þessari. Sé ætlunin að taka efni úr sjó þarf að kanna

möguleg áhrif af framkvæmdinni á hrygningu og afkomu þessara fiska.“

- Vinnuvélarnar munu aldrei fara út í sjó heldur bara taka sand á því svæði sem að fer undir sjó á flóði en birtist svo aftur á fjöru. Ekki er verið að dæla sandi af hafsbotni eins og t.d. í Landeyjarhöfn, heldur er eingöngu verið að taka efni sem er á þurru landi á fjöru. Engin áhrif verða á hrygningu loðnu, sandsílis eða flatfiska.

„Sýna þarf fram á hvort og þá hvernig strandrof verður vegna Framkvæmdarinnar“

- Það verður umfjöllun um landrof í umhverfismatsskýrslu sbr. kafla 4.4.3 í matsáætlun

„Mögulega minnkar standflutningur til stranda með hörfun jökla og myndun lóna. Því gæti strandrof orðið enn meira þegar fram í horfir en nú er og því mikilvægt að meta umfang þess sé verið að nýta efni úr fjörum.“

- Það mun taka jökla á Íslandi meira en 100 ár að hverfa (<https://www.ruv.is/frettir/erlent/2023-01-08-adeins-thridjungur-jokla-eftir-um-aldamot-ef-fram-heldur-sem-horfir>), það er allt annar og miklu stærri tímaskali en þessi framkvæmd sem er áætluð næstu 15 árin. Strandrof er staðreynd og heimamenn í Vík vilja frekar taka sandinn sjálfir og búa til verðmæti úr honum heldur en að láta sjóinn taka sandinn engum til góðs. Á þessum tímaskala er alveg eins möguleiki að jökulhlaup í kjölfar eldgosa í Kötlu/Grímsvötnum/Eyjafjallajökli muni flytja ógrynni af efni til sjávar og bæta við suðurströndina að nýju.

Umsagnarfrestur rann úr 3. jan og ekki voru athugasemdir margar svo vonandi er ekki langt í álit SKS, veistu hvenær við megum vænta þess?

Kær kveðja,



SNÆVARR ÖRN  
GEORGSSON

Umhverfis- og  
byggingarverkfræðingur  
M.Sc.

---

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir

**Sent:** mánudagur, 9. janúar 2023 13:47

**To:** Snævarr Örn Georgsson

---

**Cc:** victor@lavaconcept.is

**Subject:** 202211022 - Efnistaka í Höfðafjöru

Sæll Snævarr,

Meðfylgjandi er umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna ofangreindrar framkvæmdar, hún krefst viðbragða.

Með kveðju,

---

**Þórdís Stella Erlingsdóttir**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



Skipulagsstofnun

## RE Efnistaka í Höfðafjöru. Tillaga að matsáætlun

**Til** : Jakob Gunnarsson - SLS  
**Frá** : Snævarr Örn Georgsson <snævarr.georgsson@efla.is>  
**CC** : victor.lavaconcept <victor@lavaconcept.is>  
**Heiti** : RE Efnistaka í Höfðafjöru. Tillaga að matsáætlun  
**Málsnúmer** : 202211022  
**Málsaðili** : LavaConcept Iceland ehf.  
**Skráð dags** : 05.01.2023 11:56:38  
**Höfundur** : Snævarr Örn Georgsson <snævarr.georgsson@efla.is>  
**Viðhengi** [image003.jpg](#)  
[image002.png](#)

Sæll Jakob.

Það verður fjallað um báðar þessar vegtengingar í umhverfismatsskýrslu.

Kær kveðja,



**SNÆVARR ÖRN  
GEORGSSON**  
Umhverfisverkfræðingur  
M.Sc.

---

**From:** Jakob Gunnarsson - SLS  
**Sent:** fimmtudagur, 5. janúar 2023 10:49  
**To:** Snævarr Örn Georgsson ; victor.lavaconcept  
**Subject:** FW: Efnistaka í Höfðafjöru. Tillaga að matsáætlun

Sælir

Vegagerðin er að óska eftir tilteknum upplýsingum í þessari umsögn sinni. Rétt er að framkvæmdaraðili staðfesti að þessar upplýsingar muni rata inn í umhverfismatsskýrslu.

---

**Jakob Gunnarsson**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland  
sími 595 4100  
[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

## RE Efnistaka í Höfðafjöru. Umsagnarbeiðni.

Til : Jakob Gunnarsson - SLS  
Frá : Snævarr Örn Georgsson <snævarr.georgsson@efla.is>  
CC : victor.lavaconcept <victor@lavaconcept.is>  
Heiti : RE Efnistaka í Höfðafjöru. Umsagnarbeiðni.  
Málsnúmer : 202211022  
Málsaðili : LavaConcept Iceland ehf.  
Skráð dags : 05.01.2023 14:00:11  
Höfundur : Snævarr Örn Georgsson <snævarr.georgsson@efla.is>  
Viðhengi [image003.jpg](#)  
[image002.jpg](#)  
[image001.png](#)

Sæll Jakob.

Varðandi umsögn Heilbrigðiseftirlitsins:

- Efni verður flutt svo til jafnóðum á lagersvæðið í Ölfusi enda ekki mikið geymslupláss á svæðinu við Uxarfótarlæk. Í skipulagi svæðisins eru jafnframt ýmis ákvæði um starfsemina, t.d. að skerma svæðið af til að hefta fok o.s.frv. Það verður fjallað um þetta í umhverfismatsskýrslu.
- Gryfjan er 8 m djúp og er í 750 m fjarlægð frá Eyrarbakkegi og 1,3 km eru í næsta húsnaði. Loftgæði og hljóðvist ættu því ekki að vera til vandræða, sérstaklega þegar litið er til þess að eitt flottasta skotæfingasvæði landsins er í næsta nágrenni í hrauninu með tilheyrandi skothvillum. Það verður gerð grein fyrir þessu öllu saman í umhverfismatsskýrslu.
- Það verður umfjöllun í umhverfismatsskýrslu um áætlaða flutningaumferð til Þorlákshafnar þegar uppskipun á sér stað

Kær kveðja,



SNÆVARR ÖRN  
GEORGSSON

Umhverfisverkfræðingur  
M.Sc.

---

**From:** Jakob Gunnarsson - SLS  
**Sent:** fimmtudagur, 5. janúar 2023 12:51  
**To:** Snævarr Örn Georgsson ; victor.lavaconcept  
**Subject:** FW: Efnistaka í Höfðafjöru. Umsagnarbeiðni.

Sælir

Meðfylgjandi er umsögn Heilbrigðiseftirlitisins sem krefst svara af hálfu framkvæmdaraðila.

Kveðja

---

**Jakob Gunnarsson**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland